

Reykjavík, 14. maí 2024

Efni: Umsögn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Um tillögu til þingsályktunar um bókmenntastefnu 2024–2030. Þingmál nr. 940.

Almennt

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum fagnar frumvarpi að bókmenntastefnu þar sem horft er vitta yfir sviðið. Undir liðnum **Framtíðarsýn** er notað orðið *ritmenning* og í greinargerðinni með drögunum er hugtakinu *bókmenntum* ætlað að ná yfir alla ritmenningu, þar með upplestur og rafræna gerð hennar. E.t.v. mætti kalla stefnuna frekar ritmenningarstefnu en bókmenntastefnu, eða í öllu falli skýra hugtakanotkun betur.

Árnastofnun telur einnig að í greinargerðinni mætti koma skýrar fram að stefnan taki til alls efnis sem gefið er út, sem dæmi má taka að ekki kemur fyllilega glöggt fram í 13. lið að fræðibækur falli undir hugtakið þótt megi ráða að svo sé. Í greinargerðinni mætti einnig koma betur fram sá munur sem er á rafbók og rafrænni útgáfu, þ.e. nefna rafrænar útgáfur sérstaklega við hlið prentaðra bóka, hljóðbóka og rafbóka.

Enginn vafi er að ný stefna og fjármögnuð aðgerðaáætlun muni verða íslensku máli og bókmenntum til framdráttar.

Athugasemdir um einstaka liði

- Árnastofnun fagnar mjög fyrirhuguðu átaksverkefni innan Barnamenningarsjóðs, sem nefnt er í **9. lið**, sem fjármagnað geti miðlunarverkefni á sviði íslensks sagnaarfs til barna og unglunga, því að fjölmörg ónýtt tækifæri eru á þessu sviði.
- Árnastofnun fagnar því að í **13. lið** er gert ráð fyrir sérstökum stuðningi við óhagnaðardrífna útgáfustarfsemi. Árnastofnun er falið samkvæmt lögum að miðla efni sínu (<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2006040.html>) í útgáfum, og er sú útgáfa óhagnaðardríf. Hér þarf því að bæta við orðunum „og stofnana“ eftir orðinu „félaga“:
Mótaðar verði leiðir til að eila starf óhagnaðardrífinnar útgáfustarfsemi félaga og stofnana sem sinna íslenskum menningararlí og iðlbreyttu fræðastarlí.

3. Einn yfirkafli ber heitið **Menningararfur, rannsóknir og miðlun** sem nær yfir **12.–14. lið**. Lagt er til að nýjum lið verði bætt við kaflann (sem verði þá nr. 15), þar sem fjallað yrði um að styðja þurfi við starf þýðenda úr íslensku. Það yrði t.d. gert með því að styðja enn betur við íslenskukennslu erlendis og bæta við fleiri styrkjum til erlendra stúdenta til að leggja stund á íslenskunám hérlendis (sem hefur fækkað um nær helming á síðustu 12 árum). Þessir nemendur verða framtíðarþýðendur og því mikið í húfi að laða að náminu öflugna nemendur frá margvíslegum málsvæðum. Einnig væri mikilvægt að geta boðið upp á þýðinganámskeið fyrir erlenda þýðendur hér heima og fjölga styrkjum fyrir rithöfunda og fræðimenn sem koma til dvalar hérlendis (sbr. Snorra-styrki). Slíkt fellur vel að þeirri framtíðarsýn sem talað er um í upphafi skjalsins, þ.e. að „stuðlað sé að framgangi íslenskra bókmennta á innlendum og erlendum vettvangi“.
4. Við **14. lið** sem fjallar um miðlun menningararfs mætti huga að því að menningararfur er víðara hugtak en bókmenntaarfur (eða ritmenningararfur). Það er því eðlilegt að gera hér fyrirvara og þrengja umfjöllunarefnið. Jafnframt að skoðaðar verði leiðir til að miðla bókmenntum fyrir Íslendinga jafnt sem erlenda gesti með samstarfi stofnana sem vinna með þennan hluta menningararfsins. Einnig má benda á að gera þarf áttak í samstarfi við framhaldsskóla í tengslum við miðlunarstarf safna sem varðveita bókmenntaarfinn.

Miðstöð íslenskra bókmennta er falin ábyrgð á þessum lið, en Árnastofnun hefði áhuga á að sinna hluta þeirrar ábyrgðar þar sem um verkefni sem snerta miðlun ritmenningar á miðöldum er að ræða. Árnastofnun er í virku samstarfi við menningarstofnanir á þessu sviði um allt land og það félli vel að hlutverki stofnunarinnar að taka við auknum verkefnum á þessu sviði. Í því sambandi má nefna verkefnið Ritmenningu íslenskra miðalda sem hefur haft það að meginmarki frá 2019 að efla rannsóknir sem tengjast þeim stöðum á Íslandi þar sem ritmenning og handritamenning sérstaklega blómstraði á miðöldum. Á grunni rannsókna verður til ný þekking og þar með grundvöllur nýsköpunar og öflugrar miðlunar.

5. Stofnunin telur að skýra þurfi betur hvað átt sé við með **15. lið**, bætt aðgengi að textasöfnum og máltækniáfurðum, en mun vissulega leggja sitt af mörkum til að bæta aðgengi að söfnum sínum ef þess gerist þörf.
6. Stofnunin fagnar því að móta eigi framtíðarstefnu orðabókagerðar á Íslandi eins og nefnt er í **16. lið**. Þörf er á markvissri stefnu í þessum málum en þó verður að áréttta að slík verkefni muni

óhjákvæmilega hafa töluverðan kostnað í för með sér, þ.e. ef birta á gjaldfrjálsar orðabækur á vefnum. Árnastofnun hefur m.a. það hlutverk að miðla gögnum sínum með gerð orðabóka og hefur sinnt því af alúð eins og sjá má þegar orðabækur á málið.is eru skoðaðar. Þær orðabækur stofnunarinnar sem snúa að erlendum málum eru frá íslensku yfir á markmál en ekki öfugt. Orðabækur stofnunarinnar eru þannig ekki tvíátta: þegar t.d. íslensk-ensk orðabók er búin til er ekki hægt að snúa henni sjálfkrafa. Til þess þarf enskan orðabókargrunn sem væri hægt að vinna fyrir viðbótarfjármagn eða kaupa af útgáfufyrirtæki sem býr yfir slíkum grunni. Mögulegt er þó að nýjar tæknilausnir og þróun í máltækni og gervigreind auðveldi þessa vinnu. Vakin er athygli á því að ekki er fullt samræmi milli fyrirsagnarinnar („fram tíð orðabókargerðar“) og svo efnisgreinarinnar sem fylgir því að þar er, auk þróunar, minnst á miðlun og aðgengi gagnasafna og sem dæmi um gagnasöfn eru orðabækur nefndar. Ljóst er að ekki eru öll gagnasöfn orðabækur.

7. Árnastofnun vill minna á mikilvægi þess að styðja við íðorðastarf sem unnið er af sjálfboðaliðum á fjölmörgum sviðum. Afrakstur þeirrar vinnu birtist í Íðorðabanka stofnunarinnar og er mikilvægur þáttur í framþróun máltækninnar.
8. Stofnunin fagnar því að í **17. lið** um nýsköpun í útgáfustarfsemi er gert ráð fyrir að leitað verði leiða til að stuðla að frekari nýsköpun og þróun í útgáfu og miðlun og gerir ráð fyrir að rafrænar útgáfur og miðlun falli undir hann, en það mætti þó skýra betur.

Virðingarfyllst,

Guðrún Nordal, forstöðumaður